

Ár 2008, fimmtudaginn 25. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkisskattstjóra

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá ríkisskattstjóra, dagsett 21. maí 2008, þar sem hann óskaði eftir endurskoðun launakjara meðal annars vegna þess að embættið hafi breyst, rekstur og umfang hafi aukist verulega, ný verkefni hafi verið falin embættinu og starfshættir og stjórnun þess hafi verið teknir til endurmats til að efla skilvirkni, auka framleiðni og bæta stjórnýslu. Í bréfinu kemur fram að meginverkefni ríkisskattstjóra sé að tryggja réttar skattákvæðanir þar sem embættið hafi umsjón og stjórn á álagningu virðisaukaskatts, opinberra gjalda og staðgreiðslu, en þar sé um að ræða tugi milljarða króna ár hvert. Í ársbyrjun 2007 hafi starfsmenn verið 107 en á miðju ári 1997 hafi þeir verið um 80 og á sama tíma hafi húsnæði stækkað um tæpa 1.000 fm. Velta embættisins losi nú rösklega milljarð. Ný verkefni sem komið hafi til embættisins séu meðal annars eftirlit með alþjóðlegum reikningsskilum og rekstur fyrirtækjaskrár. Þá hafi öll umsjón og vélvinnsla álagningar opinberra gjalda margfaldast í umsvifum frá því sem áður var. Í reynd hafi hluti verkefna skattstjóra verið færður til ríkisskattstjóra. Í bréfinu kemur einnig fram að frá ársbyrjun 2007 hafi embættið verið í víðtækri endurskipulagningu. Embættinu hafi verið sett ný markmið, mörkuð ný áhersluatriði og allt stjórnskipulag þess tekið til endurskipulagningar með hliðsjón af breyttum áherslum.

II.

Með bréfi dagsettu 26. maí 2008 var fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins. Í bréfi ráðuneytisins dagsettu 11. júní 2008 var staðfest að embættinu hefðu verið falin ný og aukin verkefni og að töluverð hagræðing hafi átt sér stað í starfsemi stofnunarinnar, meðal annars með sparnaði, fækkun starfsmanna og aðkeyptri þjónustu. Víðtæk endurskipulagning á embættinu hefði staðið yfir með breytingum á stjórnskipulagi. Einnig hefðu embættinu hefðu verið sett ný markmið og áherslur í starfsemi. Að endingu sagði í bréfinu að ráðuneytið liti svo á að mat á því hvort þær breytingar sem orðið hefðu á embætti ríkisskattstjóra gæfu tilefni til endurmats á launaröðun ríkisskattstjóra heyrði undir kjararáð.

III.

Ríkisskattstjóri starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald, öll með áorðnum breytingum. Meginhlutverk ríkisskattstjóra er yfirstjórn skattastjórnýslu, þ.e. að móta og stýra skattframkvæmd, eftirlit með störfum skattstjóra, umsjón með tæknilegri skattframkvæmd og yfirstjórn skatteftirlits. Hann kemur fram fyrir hönd ríkissjóðs gagnvart yfirskattanefnd og fyrir hönd íslenskra skattyfirvalda gagnvart öðrum samningsaðilum um framkvæmd tvísköttunarsamninga. Þá gefur hann bindandi álit í skattamálum um túlkun skattalaga. Samkvæmt lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá starfrækir ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrá og annast útgáfu á kennitölum til

annarra en einstaklinga, en málaflokkurinn heyrði áður undir Hagstofu Íslands. Ríkisskattstjóri sér um rekstur ársreikningaskrár og með lögum nr. 3/2006 var ársreikningaskrá falið eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun ríkisskattstjóra, en kjaranefnd ákvað honum laun 29. júní 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og kjararáðs. Eins og rakið er hér að framan hefur starfsemi embættis ríkisskattstjóra breyst á undanförunum árum, auk þess sem víðtæk endurskipulagning hefur átt sér stað á embættinu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun ríkisskattstjóra skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2008 skulu mánaðarlaun ríkisskattstjóra vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú krónur 729.163. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkisskattstjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson